



Alþingi
Erindi nr. P 135/308
komudagur 13.11.2007


Fjárlaganefnd Alþingis.
Hr. Gunnar Svavarsson, formaður.

Reykjavík, 13. nóvember 2007.

Vísað er til bréfs yðar, dags. 10. október sl, þar sem óskað er eftir álitum samgöngunefndar á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008. Álit meiri og minni hluta nefndarinnar sendist yður hér með.

Þá var óskað eftir að nefndin skipti safnliðum sem eru á málefnasviði hennar. Hjálagt fylgir niðurstaða meiri hluta nefndarinnar varðandi safnliðina 10-190-1.42, Gestastofur, söfn og markaðsstarf, og 10-190-1.90, Ýmislegt. Athygli er vakin á því að meiri hlutinn leggur til að 4,2 millj. kr. verði fluttar af safnliðnum 10-190-1.42 yfir á safnliðinn 10-190-1.90. Tillögur meiri hlutans að skiptingu safnliða miðast við þessa ráðstöfun.

F. h. formanns samgöngunefndar,


Sigrún Brynja Einarisdóttir,
nefndarritari.

SAMGÖNGUNEFND

Álit

á frv. til fjárlaga 2008 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingskóp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar, dags. 10. október 2007.

Nefndin fékk á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, Unni Gunnarsdóttir og Odd Einarsson frá samgönguráðuneyti til að gera grein fyrir þeim liðum fjárlagafrumvarpsins sem snerta ráðuneytið. Þá komu á fund nefndarinnar Þorgeir Pálsson frá Flugstöðum og Halla Sigrún Sigurðardóttir frá Flugmálastjórn til að ræða þann hluta frumvarpsins sem snýr að flugmálum, Hermann Guðjónsson og Sigurður Áss Grétarsson frá Siglingastofnun til að ræða þann hluta frumvarpsins sem snýr að verksviði Siglingastofnunar og Jón Rögnvaldsson og Kristín H. Sigurbjörnsdóttir frá Vegagerðinni til að ræða þann hluta frumvarpsins sem snýr að vegamálum.

Meiri hlutinn vekur athygli á því að samkvæmt frumvarpinu er ráðgert að Fjarskiptasjóður hafi 60 millj. kr. vaxtatekjur af inneign hjá ríkissjóði og að beint framlag ríkissjóðs til verkefna og reksturs sjóðsins lækki sem því nemur. Meiri hlutinn leggur áherslu á að þessi fjárhæð komi til útgreiðslu til sjóðsins síðar, en telur mikilvægt að þetta verklag verði endurskoðað þannig að heppilegri háttur verði hafður á framvegis.

Meiri hlutinn bendir á að samkvæmt samgönguáætlun sem samþykkt var á síðasta þingi er gert ráð fyrir að hærri fjárhæð en fjárlagafrumvarpið segir til um verði veitt í hafnarmannvirki. Þarna vantar 200 millj. kr. upp á að hægt verði að standa við framkvæmdahraða eins og samgönguáætlun gerir ráð fyrir. Meiri hlutinn beinir því til fjárlaganefndar að taka þetta til athugunar.

Loks bendir meiri hlutinn á að liðurinn 10-211, Rekstur Vegagerðarinnar, er lægri en samgönguáætlun gerir ráð fyrir. Samkvæmt upplýsingum frá vegamálastjóra horfir til mikilla vandræða ef liðurinn verður óbreyttur við afgreiðslu fjárlaga. Þá vekur meiri hlutinn athygli á því að ákveðið hefur verið að auka vetrarþjónustu án þess að gert sé ráð fyrir að sérstakt fjármagn verði veitt í hana. Mikilvægt er að bætt verði úr þessu.

Meiri hlutinn leggur til skiptingu á safnliðunum 10-190-1.42, Gestastofur, söfn og markaðsstarf, og 10-190-1.90, Ýmislegt, á sérstöku skjali. Öðrum erindum en tilgreind eru á skjalinu vísar nefndin aftur til fjárlaganefndar. Auk þess leggur meiri hlutinn til að 4,2 millj. kr. verði fluttar af safnliðnum 10-190-1.42, Gestastofur, söfn og markaðsstarf yfir á safnliðinn 10-190-1.90, Ýmislegt, til ráðstöfunar þar samkvæmt tillögu meiri hlutans.

Alþingi, 8. nóv. 2007.
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, form.
Ólöf Nordal,
Herdís Þórðardóttir,
Karl V. Matthíasson,

Árni Johnsen,
Ármann Kr. Ólafsson.

**Tillögur meiri hluta samgöngunefndar að skiptingu safnliða
í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2008**

1. Ýmis verkefni, 10-190-1.42, gestastofur, söfn og markaðsstarf	Þús. kr.
Ferðþjónustan Grunnavík, endurbygging gömlu bryggjunnar	2000
Ferðþjónustan Grunnavík, menningartengd ferðþjónusta	2000
Hildibrandur Bjarnason, hákarlasýning og gestastofa í Bjarnarhöfn	2000
Valgeir Benediktsson, Minja- og handverks húsið Kört	3000
Samtals	9000
2. Ýmis verkefni, 10-190-1.90, ýmislegt	
Skaftárhreppur, upplýsingamiðstöðin á Kirkjubæjarklaustri	2700
Hveravallafélagið, mannhald á Hveravöllum að vetrarlagi	2000
Þróstur Jóhannesson, dýpkun við Hlein í Reykjafirði	1000
Víkingar á Vestfjörðum, menningartengd ferðþjónusta	5000
Söguslóðir Hrafnkels sögu	1000
Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi	3000
Ferðafélag Íslands, skálar norða og austan Vatnajökuls	10000
Félag um Snjáfjallasetur	3000
Jón Eiríksson v. Grettislaugar á Reykjaströnd í Skagafirði	1700
Samráðshópur um Dimmuborgarstofu	5000
Samtök um sögutengda ferðþjónustu	2000
SSNV atvinnuþróun, á slóð Vatnsdælasögu	3000
Drangeyjarfélagið, hafnargerð	1500
Markaðsstofa Austurlands	3000
Vestmannaeyjabær, ferðamál	300
Samtals	44200